



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2009-2010

Skýrsla fjarnámsstjóra

Efniyfirlit

Inngangur	3
Sumarönn 2009	3
Haustönn 2009	3
Vorönn 2010	4
Sumarönn 2010	5
Fjarnemendur	5
Mynd 1. Fjöldi nemenda á önn í fjarnámi VÍ	6
Mynd 2. Meðalaldur fjarnemenda VÍ eftir önnum.....	7
Mynd 3. Meðaleiningafjöldi per nemanda á önn	8
Ársmemendur	8
Tafla 1. Fjöldi ársnemenda á liðnum önnum	8
Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.....	9
Niðurskurður á ársnemendafjölda.....	9
Áfangar í boði	11
Áfangar kenndir	12
Lokapróf.....	13
Stúdentspróf og verslunarpróf.....	14
Fullorðinsfræðsla	14
Úttekt á fjarnámi og fjarkennslu	14
Starfshópur um fjarnám	15
Fyrirlestur.....	15
Lokaorð	15
Viðauki: Áfangar sem kenndir hafa verið í fjarnámi VÍ.....	16

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Á þeim tíma hefur nemendafjöldi á önn fimmfaldast. Blikur eru hins vegar á lofti vegna helmings niðurskurðar á árinu 2010. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2009-2010.

Sumarönn 2009

Á sumarönn 2009 voru 139 áfangar í boði. Að auki voru 5 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans, eða fjarnemendur sem þurftu að taka þessa áfanga vegna útskriftar í ágúst 2009. Kennarar á sumarönn voru 51, þar af var einn að fjarkenna í fyrsta sinn.

Skráning í fjarnám á sumarönn fór fram dagana 19. maí til 1. júní. Nemendur fengu sendar upplýsingar um greiðslur í tölvupósti jafnóðum. Fyrstu nemendurnir fengu aðgangsorð að kennslukerfinu þann 2. júní og hófst þá kennsla formlega. Sumarönnin var 9 kennsluvikur og próf voru dagana 5. til 12. ágúst.

Alls voru 979 nemendur skráðir í fjarnám á sumarönn 2009 og var þetta fjölmennasta önnin frá upphafi fjarnáms við VÍ. Af þessum fjölda voru 121 (12,4%) í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 858 (87,6%) komu annars staðar frá. Af þessum 979 nemendum voru konur 595 (60,8%) og karlar 384 (39,2%). Meðalaldur fjarnemenda var 21,4 ár. Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu þessa önnina var fæddur 1990 (197 nemendur), en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla. Að meðaltali tók hver nemandi 5,87 einingar¹.

Nemendur á sumarönn voru skráðir í 2028 áfanga sem alls gáfu 5744 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 3516 einingar en það gera 61.2% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 100,5 ársnemendur.

Haustönn 2009

Á haustönn 2009 voru 143 áfangar í boði. Að auki voru 2 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem þurftu að taka þessa áfanga vegna útskriftar í lok haustannar 2009. Kennarar á haustönn voru 53 og höfðu þeir allir fjarkennt áður.

Skráning í fjarnám á haustönn fór fram dagana 25. ágúst til 7. september. Nemendur fengu sendar upplýsingar um greiðslur jafnóðum og þeir skráðu sig. Kennsla hófst þann 8. september en þá fengu nemendur send aðgangsorð að kennslukerfinu í tölvupósti. Próf voru síðan dagana 30. nóvember til 14. desember.

¹ Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2009 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/sumar_2009/.

Alls voru 900 nemendur skráðir í fjarnám á haustönn 2009 og var þetta fjölmennasta haustönnin frá upphafi fjarnáms við VÍ. Þar af voru 43 (4,8%) nemendur líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 857 (95,2%) komu annars staðar frá. Alls voru 144 (16,1%) nemendur grunnskóla. Af þessum 900 nemendum voru konur 596 (66,2%) og karlar 304 (33,8%). Meðalaldur fjarnemenda var 22,5 ár. Fjölmennasti árgangurinn þessa önnina voru nemendur fæddir 1990 (145 nemendur), en þeir voru þá væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla. Að meðaltali tók hver nemandi 6,19 einingar².

Nemendur haustannar voru skráðir í 2006 áfanga sem alls gáfu 5567 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 3350 einingar en það voru 60,2% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 95,7 ársnemendur.

Vorönn 2010

Á vorönn 2010 voru 145 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru þó aðeins 120 áfangar kenndir. Allir áfangar sem færri en 5 nemendur völdu voru felldir úr kennslu, þetta voru 25 áfangar. Nauðsynlegt var þó að taka inn nemendur í 8 af þessum 25 áföngum vegna þess að þar voru nemendur sem þurftu að ljúka þeim vegna útskriftar á vorönn 2010. Að auki voru 2 hulduáfangar kenndir fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem þurftu að taka þessa áfanga vegna útskriftar vor 2010. Kennarar á vorönn voru 52 og var einn var að fjarkennara í fyrsta sinn.

Skráning í fjarnám á vorönn fór fram dagana 5. til 18. janúar. Að þessu sinni gáfum við okkur nokkra daga til að ákveða hvaða áfangar yrðu kenndir og sendum nemendum tölvupóst varðandi greiðslur 21. janúar. Kennsla hófst þann 26. janúar en þá fengu nemendur send aðgangsorð að kennslukerfinu í tölvupósti. Próf voru síðan dagana 29. apríl til 14. maí.

Vegna niðurskurðar, var fjarnám Verzlunarskólans á vorönn 2010 mjög lítið auglýst í fjölmiðlum, en á heimasíðu skólans var vakin athygli á því þegar skráningin stóð yfir. Nemendur fengu ekki að taka meira en 9 einingar hver, nema í sérstökum undantekningar tilfellum og settur var eindagi á fjarnámsgjöld. Allir áfangar með færri en fimm nemendum voru felldir úr kennslu.

Alls voru 923 nemendur skráðir í fjarnám á vorönn 2010 og þrátt fyrir niðurskurðinn höfðu fjarnemendur aldrei verið fleiri á vorönnum. Af þessum fjölda voru 138 (15,2%) líka í dagskóla Verzlunarskólans og 74 (7,9%) líka í grunnskólum landsins. Konur voru 560 (60,7%) og karlar 363 (39,3%). Meðalaldur fjarnemenda var 23,6 ár. Fjölmennasti árgangurinn voru nemendur fæddir 1990 (163 nemendur), en þeir voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla á vorönn 2010. Að meðaltali tók hver nemandi 6,02 einingar³.

² Sjá nánari upplýsingar um nemendur á haustönn 2009 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/haust_2009/.

³ Sjá nánari upplýsingar um nemendur á vorönn 2010 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/vor_2010/.

Fjarnemendur á vorönn voru skráðir í 1976 áfanga sem alls voru 5553 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 3422 einingar en það voru 61,6% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 97,8 ársnemendur.

Sumarönn 2010

Á sumarönn 2010 voru 145 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru þó aðeins 53 áfangar kenndir. Allir áfangar sem 10 eða færri nemendur völdu voru felldir úr kennslu og að auki allmargir áfangar sem fleiri nemendur völdu, þetta voru 92 áfangar. Nauðsynlegt var þó að taka inn nemendur í 32 af þessum 92 áföngum vegna þess að þar voru nemendur sem þurftu að ljúka þeim vegna útskriftar á haustönn 2010, eða vegna áframhaldandi náms. Að auki voru 4 hulduáfangar kenndir fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem nauðsynlega þurftu að taka þá áfanga. Kennarar á vorönn voru 47 og höfðu þeir allir fjarkennt áður, aðeins 37 þeirra sinna þó áföngum sem eru í fullri kennslu, hinir sjá aðeins um próf í áföngum sem ekki eru kenndir á önninni.

Skráning í fjarnám á sumarönn fór fram dagana 18. til 29. maí. Næstu tvo daga var ákveðið hvaða áfangar yrðu kenndir á önninni og þá fyrst var hægt að senda nemendum tölvupóst varðandi greiðslur. Þann 1. júní voru fyrstu aðgangsorðin að kennslukerfinu send út og hófst þá kennsla formlega. Sumarönnin er 9 vikur og próf verða dagana 4. til 11. ágúst.

Vegna niðurskurðar, var fjarnám Verzlunarskólans á sumarönn 2010 ekkert auglýst í fjölmiðlum og á heimasíðu skólans var ekki sérstaklega vakin athygli á því þegar skráningin stóð yfir. Nemendur fengu ekki að taka meira en 9 einingar hver, nema í sérstökum undantekningar tilfellum og settur var eindagi á fjarnámsgjöld. Allir áfangar með tíu og færri nemendum voru felldir úr kennslu.

Þegar þetta er skrifað, eru 865 nemendur skráðir í fjarnámið og eru það færri nemendur en síðast liðið sumar. Þessir nemendur eru skráðir í 1567 áfanga sem gefa 4508 einingar. Að meðaltali er hver nemandi skráður í 5,2 einingar. Ef gert er ráð fyrir 60% - 70% mætingu í próf, mun sumarönnin skila 77 - 90 ársnemendum.

Fjarnemendur


Þegar hópur fjarnemenda er skoðaður síðustu fjórtán annir sem fjarkennsla við skólann hefur verið rekin með núverandi sniði, kemur í ljós ýmislegt forvitnilegt. Viljandi er haustönn 2005 ekki tekin með, því fjöldi fjarnemenda var þá aðeins um 200 manns. Nánar má fræðast um fjarnemendur eftir önnum á heimasíðu skólans⁴.

Umsækjendur um fjarnám á vorönn 2010 voru beðnir um að skrá hvers vegna þeir sæktu um að stunda fjarnám við Verzlunarskóla Íslands. Niðurstöðurnar voru mjög

⁴ Sjá nánari upplýsingar um fjarnemendur VÍ: <http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/#section2>

forvitnilegar en ekki verður nánar farið úti þær hér, heldur bent á samantekt sem fjarnámsstjóri gerði. Þessi samantekt er vistuð í Gagnasmiðju fjarnámsins.

Almennt má segja að fjöldi nemenda á þessu tímabili fari vaxandi frá önn til annar. Vorönn 2006 sker sig þó úr en þá var mikill fjöldi VÍ nemenda í fjarnámi í vélritun af sérstökum ástæðum. Ef hvert ár fyrir sig er skoðað, kemur í ljós að nemendur eru yfirleitt flestir á haustönnum, en fæstir á sumarönnum. Sumarönn 2009 sker sig þó úr en fjöldi fjarnemenda á önn hefur aldrei verið meiri en þá. Nemendur á vorönn 2010 eru aðeins fleiri en nemendur á vorönn 2009, þrátt fyrir niðurskurðinn. Nemendur á sumarönn 2010 eru nokkuð færri en nemendur á sumarönn 2009 og má það rekja til niðurskurðarins. Þetta kemur fram á mynd 1.




Mynd 1. Fjöldi nemenda á önn í fjarnámi VÍ

Þegar hlutfall nemenda sem eru í dagskóla VÍ af heildarfjölda fjarnemenda á árunum 2007-2010 er skoðað kemur í ljós að flestir VÍ nemendur eru í fjarnámi á vor- og sumarönnum. Tölurnar eru frá 12.4% (S2009) til 19.4% (S2007) af heildarfjölda fjarnemenda á sumarönnum, en frá 15,2% (V2010) til 15,7% (V2008) á vorönnum. Á haustönnum er þetta hlutfall mun lægra eða frá 4,8% (H2009) til 6,5% (H2007). Skýringin á þessu er sú að nemendur VÍ sem falla í áföngum á haustönn, taka endurtektarpróf í janúar og þeir sem falla aftur þá, taka áfanga í fjarnámi á vorönn. Nemendur VÍ sem falla svo í áföngum í maí, taka endurtektarpróf í júní og þeir sem falla aftur þá, taka fjarnámsáfanga á sumarönn. Á haustönn eru ekki VÍ nemendur sem hafa fallið í áföngum.

Þegar hlutfall grunnskólanemenda af heildarfjölda fjarnemenda á árunum 2007-2010 er skoðað kemur í ljós að það er hæst á haustönnum, eða frá 16% (H2007) til 18% (H2008). Tölurnar eru nokkuð lægri á vorönnum, eða frá 8.0% (V2010) til 12.6% (V2009). Á sumarönnum er heildarfjöldi grunnskólanemenda í fjarnámi hverfandi lítill. Flestir nemendur grunnskóla í fjarnámi hafa lokið samræmdum prófum og þeir taka fjarnámsáfanga á haustönnum. Á vorönnum taka grunnskólanemendur síður fjarnámsáfanga því þá þykir flestum nóg að undirbúa sig fyrir lokapróf í sínum skólum. Fjármálaráðuneytið greiðir fyrir fjarnám grunnskólanema á árinu 2010 og það skýrir fækkun þeirra á þessu ári.

Konur eru í miklum meirihluta fjarnemenda á öllum önnum, eða frá 60,4% á sumarönn 2010 til 65,6% á sumarönn 2007. Athyglisvert er að hlutfall kvenna er yfirleitt lægst á vorönnnum (60,7% til 61,8%) en hæst á haustönnnum (63,8% til 66,2%). Forvitnilegt væri að skoða þessar tölur nánar, en án ábyrgðar er það staðhæft hér að þetta megi skýra að hluta með því að í hópi grunnskólanemenda eru stúlkur fleiri en drengir og fjöldi grunnskólanemenda er mestur á haustönnnum en þá er hlutfall kvenna af heildarfjölda fjarnemenda hæst.

Meðalaldur fjarnemenda var á bilinu frá 21,4 til 24 ár á tímabilinu frá og með sumarönn 2007 til og með sumarönn 2010. Meðalaldurinn er lægstur á sumarönnnum, eða um 21,4 ár til 22. ár. Þetta kemur á óvart þar sem grunnskólanemendur sem lækka meðalaldur fjarnemenda, sjást varla í fjarnámi á sumrin. Lægri meðalaldur fjarnema á sumrin gæti verið hægt að skýra með því að eldri nemendur sem hafa fyrir fjölskyldum að sjá og stunda fulla vinnu taka sér gjarnan frí frá námi á sumrin. Megin uppistaða fjarnemenda á sumrin eru nemendur á framhaldsskólaaldri. Sjá mynd 2.




Mynd 2. Meðalaldur fjarnemenda VÍ eftir önnum

Meðalaldur fjarnemenda VÍ er þó hærri en 21 ár á öllum önnum, þrátt fyrir mikinn fjölda grunn- og framhaldsskólanemenda í fjarnáminu. Það gefur til kynna að í fjarnáminu okkar fer fram fullorðinsfræðsla ekki síður en fræðsla grunn- og framhaldsskólanema.

Þegar aldursdreifing fjarnemenda á sumarönn 2009 er skoðaður, kemur í ljós að árgangur 1990 er þar fjölmennastur. Þessir nemendur hafa væntanlega lokið þremur árum í framhaldsskóla. Þessi sami árgangur var einnig fjölmennastur á haustönn 2009 og vorönn 2010 og þá eru þessir nemendur að öllum líkindum á fjórða ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2010 er árgangur fæddur 1991 fjölmennastur og ættu þessir nemendur að hafa lokið þremur árum í framhaldsskóla. Hér virðist vera komið munstur, vegna þess að á sumarönnnum 2007, 2008, 2009 og 2010 er árgangur nemenda sem er ætti að vera búinn með þrjú ár í framhaldsskóla fjölmennastur og á vorönnnum sömu ár og haustönnnum 2007, 2008 og 2009 er fjölmennastur sá árgangur nemenda sem ætti að vera á fjórða ári í framhaldsskóla. Þessir nemendur eru greinilega að nýta fjarnámið til að ljúka stúdentsprófi á tilsettum tíma.

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur á önn hefur verið á bilinu frá 5 til 6 einingar frá og með vorönn 2006 og til og með sumarönn 2010. Fæstar einingar að meðaltali önn taka nemendur á sumarönn 2010 (5.2 einingar) en flestar á haustönn 2009 (6,2 einingar). Sjá mynd 3.



Mynd 3. Meðaleiningafjöldi per nemanda á önn


Ársmemendur

Ársmemendur eru taldir út frá þeim einingum sem skila sér til prófs. Miðað er við að hver árnemandi taki 35 einingar á ári. Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 198,3 árnemendur. Árið 2007 fækkaði árnemendum niður í 191,9, en þá var hætt að endurgreiða kennslugjaldið til þeirra nemenda sem mættu í próf. Árið 2008 gaf fjarnámið af sér 235,9 árnemendur og árið eftir 285,3. Það sem af er árinu 2010 hefur fjarnámið skilað af sér 97,8 árnemendum. Þetta kemur fram í töflu 1.

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3889	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
Alls fjarnám 06	1918	5,43	10406	6941	198,3	66,7
V07	690	5,36	3699	2140	61,1	57,9
S07	659	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
Alls fjarnám 07	2103	5,62	11829	6690	191,9	56,56
V08	811	5,98	4846	2739	78,3	56,5
S08	714	5,65	4037	2720	77,7	67,4
H08	815	5,70	4648	2796	79,9	60,2
Alls fjarnám 08	2340	5,78	13531	8255	235,9	61,01
V09	895	5,96	5331	3119	89,1	58,5
S09	979	5,87	5744	3516	100,5	61,2
H09	900	6,19	5567	3350	95,7	60,2
Alls fjarnám 09	2774	6,00	16642	9985	285,3	60,00
V10	923	6,02	5553	3422	97,8	61,6
S10	865	5,21	4508			

Tafla 1. Fjöldi árnemenda á liðnum önnum

Þegar tafla 1 er skoðuð, kemur í ljós að mæting í próf er um 60% á vor- og haustönnum 2006. Þetta hlutfall er sýnu verra á vor- og haustönnum 2007, enda voru endurgreiðslur lækkaðar úr 3000 krónur per einingu í 1000 krónu á einingu haustönn 2006 og þeim síðan alveg hætt á vorönn 2007. Á vor- og haustönnum 2008 og 2009 er mæting í próf um 60% eins og á vor- og haustönnum 2006. Á sumarönnum er mæting í próf best, eða 78% á sumarönn 2006 og 61,2% á sumarönn 2007, 67,4% á sumarönn 2008 og 61,2% á sumarönn 2009. Frá og með haustönn 2008 virðist hlutfallsleg mæting í próf vera nokkuð stöðug í kringum 60%. Þetta kemur fram á mynd 4.



Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum

Ef meðalmæting á önn er reiknuð út frá gildum í töflu 1, kemur í ljós að hún er einungis tæplega 61%.

Niðurskurður á ársnemendafjölda

Á starfsmannafundi 29. september 2009 gerði Ingi Ólafsson skólastjóri Verzlunarskólans starfsmönnum grein fyrir boðuðum niðurskurði til fjarnáms. Þá hafði Mennta- og menningarmálaráðuneytið látið þau boð berast að fyrirhugaður væri helmings niðurskurður á ársnemendafjölda í fjarnámi. Einnig yrði hætt að greiða með grunnskólanemendum í fjarnámi. Þar af leiðandi hefði Verzlunarskólinn aðeins leyfi fyrir 106 ársnemendum allt árið 2010. Glærur skólastjóra frá þessum fundi eru vistaðar í Gagnasmiðju fjarnámsins.

Þetta voru þungbærar fréttir fyrir alla aðila, en ekki var annað í stöðunni en að leita leiða sem flestir yrðu sáttir. Nauðsynlegt var að skoða þetta út frá nemendum sem treystu á þessa þjónustu, kennurum og skólanum sjálfum. Til að fá yfirsýn yfir þá nemendur sem hafa nýtt sér fjarnámið á liðnum önnum, tók fjarnámsstjóri saman upplýsingar um fjarnemendur og birti í kennslukerfinu 1. október 2009. Þar voru tekin saman gögn frá og með haustönn 2005 og til og með sumarönn 2009 og kom þar meðal annars fram að:

- Heildarfjöldi þeirra sem stunduðu grunnskólanám þegar þeir voru í fjarnámi hjá okkur var 8% af heildarfjölda fjarnemenda á þessu tímabili.

- Heildarfjöldi þeirra sem stunduðu framhaldsskólanám þegar þeir voru í fjarnámi hjá okkur var 47% af heildarfjölda fjarnemenda á þessu tímabili.
 - Hluttur nemenda í dagskóla VÍ var 18% af heildarfjöldanum.
 - Hluttur annarra framhaldsskólanemenda var 29% af heildarfjöldanum.
- Heildarfjöldi þeirra sem var 20 ára og eldri þegar hann stundaði fjarnám hjá okkur, var 45% af heildarfjöldanum á þessu tímabili.

Einnig kom þarna fram að mæting í próf er best í hópi grunnskólanemenda, síðan nemenda Verzlunarskólans, þá nemenda annarra framhaldsskóla, en nemendur tuttugu ára og eldri mæta verst í próf. Þessar glærur eru vistaðar í Gagnasmiðju fjarnámsins.

Í framhaldinu boðaði fjarnámsstjóri til vinnufundar um niðurskurðinn þann 6. október 2009 og var fundarefnið: Hvernig verður brugðist við niðurskurðinum? Vinnulagið á þeim fundi var að kennarar mynduðu 4 til 5 manna hópa, hver hópur skipaði ritara og talsmann og síðan hafði hópurinn 30 mínútur til starfa. Ritari skráði niður tillögur hópsins og talsmaður gerði síðan öllum fundarmönnum grein fyrir þeim. Í lok fundarins skilaði svo hver hópur skriflegum tillögum til fjarnámsstjóra. Þessar tillögur er að finna í Gagnasmiðju fjarnámsins.

Í kjölfarið tók fjarnámsstjóri saman tillögur frá kennurum og birti í skýrslu sem var send öllum starfsmönnum skólans í tölvupósti. Þessi skýrsla er vistuð í Gagnasmiðju fjarnámsins.

Þann 17. nóvember kynnti skólastjóri Verzlunarskólans atriði sem höfð yrðu að leiðarljósi við niðurskurðinn. Bréf hans var svohljóðandi:

„Eins og flestir vita þá mun fjarnemendum, sem við megum hafa, fækka um sem nemur 106 ársnemendum. Það var haldinn hér fundur þar sem kennarar reifuðu skoðanir sínar á því hvernig best og eðlilegast væri að framkvæma niðurskurðinn. Það komu fram margar góðar hugmyndir sem við munum styðjast við. Hins vegar er erfitt að búa til ákveðna „formúlu“ fyrirfram, áður en við vitum hver aðsóknin verður í einstaka áfanga. Eftirfarandi eru þó atriði sem verða höfð að leiðarljósi:

- Við þurfum að passa að sú þekking sem við höfum aflað okkur á fjarkennslu glatist ekki.
- Ekki verður hróflað við kjarasamningi kennara fjarnámsins.
- Við beinum tilmælum til deilda að jafna vinnunni milli kennara, t.d. að tveir kennarar kenni saman stóra áfanga. Þannig getum við hugsanlega komið í veg fyrir að t.d. einn kennari missi alla sína fjarkennslu á meðan annar heldur öllu sínu.
- Boðið verður upp á alla áfanga eins og hingað til, alla vega á vorönn, og síðan felldir niður eða sameinaðir litlir áfangar. Þegar ég segi sameinaðir þá vil í biðja kennara að hugleið hvort megi slá saman í einn hóp t.d. 102 og 103 áföngum.

- Innritunarferlinu verður breytt þannig að nemendur geti aðeins skráð sig á auglýstum tíma og eindagi verður settur á greiðslu fjarnámsgjalda.
- Nemendur fá aðeins að skrá sig í 9 einingar og einungis í undantekninga tilfellum fi nemendur að taka fleiri einingar á önn.
- Tökum ákvörðun um sumar og haustönn síðar.“

Það er tilfinning þeirrar sem þessa skýrslu skrifar að þetta hafi verið niðurstaða sem flestir gátu sætt sig við.

Í byrjun vorannar 2010 var ákeðið að hækka fjarnámsgjöldin þannig að innritunargjaldið yrði 6000 krónur en það hafði verið 5000 krónur frá haustönn 2005. Nemendur Verzlunarskólans borguðu eftir sem áður ekki þetta innritunargjald en allir aðrir yrðu að gera. Kennslugjaldið var hækkað um 500 krónur á einingu, úr 2000 krónum í 2500 krónur. Með þessu móti yrði hægt að bjóða fleiri nemendum aðgang að fjarnáminu en ella. Grunnskólanemendum sem höfðu verið í fjarnámi hjá okkur áður, var boðinn aðgangur aftur, en þó þannig að þeir yrðu að greiða fyrir það kennslu- og innritunargjald.

Ákveðið var einnig að fara varlega í niðurskurðinn á vorönn 2010, en skera þeim mun meira niður á sumarönn 2010 og hafa síðan haustönn 2010 mjög rýra.

Áfangar í boði

Áföngum í boði í fjarnámi hefur fjölgað frá önn til annar. Þannig voru þeir 139 á sumarönn 2009, 143 á haustönn 2009 og 145 á vorönn 2010. Að auki hafa verið í boði svo kallaðir hulduáfangar, en það eru áfangar sem eingöngu eru í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem þurfa að taka þessa áfanga vegna útskriftar á önninni. Sjá viðauka.

Deildir í samráði við fjarnámsstjóra hafa ráðið hvaða áfangar hafa verið í boði í fjarnámi hverju sinni. Veturinn 2008-2009 var markmiðið að bjóða í fjarnámi alla áfanga sem kenndir eru í dagskóla VÍ. Þetta markmið náðist ekki af ýmsum ástæðum. Áfangar í dagskóla VÍ sem ekki hafa enn verið boðnir í fjarnámi til eru:

- Náttúrufræðibraut: EFN213, STÆ523, STÆ703
- Málabraut: LAT202, LAT302, LOK103
- Viðskiptabraut: BÓK313, MAR202, REK213, REK313, REK322

Af þessum áföngum hafa átta verið í boði sem hulduáfangar, en það eru:

- BÓK313, LAT 202, LAT302, MAR202, REK213, REK313, STÆ523, STÆ703

En EFN213, LOK103 og REK322 hafa aldrei verið í boði. Nemendur sem hafa þurft EFN213 hafa tekið EFN203 í staðinn og nemendur sem hafa þurft að taka REK322 hafa tekið ÞJÓ303 í staðinn. Fram að þessu hafa nemendur aldrei þurft að taka LOK103 í fjarnámi, en það mun þó gerast næsta vetur.

Mikilvægt er að bjóða alla áfanga opinberlega fyrir alla nemendur og hætta með hulduáfanga.

Ekki er líklegt að fleiri en tvær einingar verði boðnar í fjarnámi í íþróttum og fjarnemendur taka því ekki hinar 6 einingarnar. Sömuleiðis er ekki líklegt að lífsleikni verði boðin í fjarnámi og fjarnemendur sleppa því þeim einingum.

Áfangar kenndir

Frá og með haustönn 2005 og til og með haustönn 2009 hafa áfangar í boði verið kenndir svo framarlega sem einn nemandi skráði sig í áfangann. Rökin fyrir því eru margvísleg og er hægt að flokka þau út frá sjónarhorni nemenda, kennara og skólans. Þessi rök voru tekin saman á vorönn 2007 til að rökstyðja gildi þess að kenna fámenna áfanga. Þau verða látin fylgja með hér til að sýna hvers vegna fámennir áfangar voru kenndir í „þá daga“.

Rök út frá nemendum:

- Nokkuð stór hópur nemenda er í fjarnámi sem hefur þegar tekið stúdentspróf. Þessir nemendur eru að bæta við sig aukaeiningum í t.d. náttúrufræði og stærðfræði vegna þess að þeir eru að stefna á tiltekið háskólanám. Þetta er vaxandi hópur nemenda í fjarnámi og þau velja oft á tíðum áfanga sem eru fámennir. Þessi hópur hefur skýr markmið og hann mætir vel í próf. Þetta eru vanir námsmenn og fjarnámið hentar þeim vel.
- Fámennir skólar á landsbyggðinni geta ekki haldið úti kennslu í tilteknum áföngum og nemendur þeirra þurfa að leita annað til að fá þá áfanga. Þetta eru oft á tíðum fámennir áfangar og ef við viljum þjóna þessum skólum, þá verðum við að halda úti kennslu í þessum áföngum.
- Nemendur vilja stunda fjarnám í einum skóla og fá alla sína áfanga á sama stað. Fjölbreytilegt framboð á áföngum laðar fleiri nemendur að okkur. Þannig má segja að áfangar sem eru fámennir, laði nemendur að öðrum áföngum sem við bjóðum og eru fjölmennari.

Rök út frá kennurum:

- Kennarar eru að fóta sig í flóknum heimi fjarkennslunnar og þeir þurfa að fá næði til þess. Ef áfangi fellur úr kennslu, þó ekki sé nema eina önn, þá missir kennarinn færni sína og þarf hann því á endurmenntun að halda þegar og ef hann fær að kenna aftur áfanga sinn. Áfangi sem fáir velja og fellur úr kennslu fær aldrei að vaxa og dafna og vafalítið mun hann því aldrei ná því marki að verða nógu fjölmennur til að verða kenndur.
- Kennari þarf nokkrar annir til að þróa áfanga sinn og ef við skerum áfanga niður sem eru fámennir, stöðvum við þessa þróun og þá samfellu sem nauðsynleg er til að svona þróunarstarf geti orðið.
- Laun fjarkennara miðast við það að hann fái að kenna áfanga sinn oftari en einu sinni.

Rök út frá skólanum:

- Fjarnámið er að vaxa og dafna og við vitum ekki ennþá hvaða frjóangar leynast í áföngunum okkar. Áfangar sem voru fámennir í upphafi eru fjölmennari núna og verða vonandi enn fjölmennari eftir nokkrar annir, fái þeir að þróast í friði.
- Áfangar sem eru fámennir hjá okkur, eru líka fámennir í öðrum skólum. Þeir fella niður kennslu í áföngum ef fjöldi nemenda fer undir ákveðið mark. Þessir nemendur sækja til okkar og taka þá með sér aðra áfanga sem þeir þurfa líka að taka. Þarna getum við skapað okkur sérstöðu.

Árið 2010 var sá ársnemendafjöldi sem VÍ mátti hafa í fjarnámi skertur um helming og þá lá beinast við að skera niður fámenna áfanga af þeirri ástæðu að hver og einn nemandi í fámennum áfanga kostar skólann meira en nemandi í fjölmennum áfanga gerir. Rekstur fámennra áfanga er óhagkvæmari en rekstur þeirra sem fjölmennari eru, vegna fastagjaldsins sem kennarar fá borgað fyrir hvern áfanga sem þeir kenna. Þetta fastagjald er óháð nemendafjölda í áfanganum.

Á vorönn 2010 voru allir áfangar sem færri en 5 völdu skornir niður. Þar með féllu 25 áfangar úr kennslu, en skrá þurfti nemendur í 8 af þeim vegna þess að þeir þurftu nauðsynlega á þessum áföngum að halda vegna útskriftar á vorönn 2010. Ekki var þó um kennslu að ræða í þessum áföngum, nemendur fengu þó aðgang að áföngum í kennslukerfinu og stunduðu þar sjálfsnám. Kennarar fengu aðeins borgað fyrir að semja próf og fara yfir prófurlausnir. Þrátt fyrir þennan niðurskurð, varð vorönn 2010 næst fjölmennasta fjarnámsönnin frá upphafi og skilaði hún 97,8 ársnemendum.

Á sumarönn 2010 voru allir áfangar með 10 eða færri nemendur skornir niður og að auki nokkrir aðrir áfangar til viðbótar. Þar með féllu 92 áfangar úr kennslu en skrá þurfti nemendur í 32 af þeim vegna þessa að þeir þurftu nauðsynlega á þeim að halda vegna áframhaldandi náms. Eins og á vorönn fengu þessir nemendur aðgang að kennslukerfinu og stunduðu þar sjálfsnám og kennarar munu fá borgað fyrir próf og yfirferð prófurlausna. Það er þó ljóst að fáir nemendur geta stundað árangursríkt sjálfsnám á þennan hátt og alltaf þarf að þjónusta þá á einhvern hátt. Á sumarönn 2010 hefur sú vinna fallið á kennara sem þó fá ekki borgað fyrir hana og fjarnámsstjóra. Þetta fyrirkomulag verður að endurskoða.

Þrátt fyrir þessa tilburði til niðurskurðar hefur fjarnemendum á önn ekki fækkað svo mikið hjá okkur, en meðaleiningafjöldi á hvern nemanda hefur þó minnkað aðeins. Mæting í próf á vorönn 2010 var betri en á vorönn 2009 og skilar það fleiri ársnemendum.

Lokapróf

Prófdagar eru á svipuðum tíma á hverri önn og ætti það að auðvelda nemendum og starfsfólki að gera ráðstafanir vegna þeirra. Þessar dagsetningar eru auglýstar á netinu með góðum fyrirvara og er t.d. núna búið að setja á netið dagsetningar vegna haustannar 2010 og vorannar 2011.

Langflestir nemendur taka próf í húsnæði VÍ. Um 20% prófa eru þó tekin annars staðar, ýmist á Íslandi eða vítt og breitt um heimskringluna. Úti á landi hafa framhaldsskólar, grunnskólar, bókasöfn og fræðslumiðstöðvar séð um prófin fyrir okkur. Erlendis hafa starfsmenn sendiráða og ræðismannaskrifstofa séð um próf, en ef slíkar skrifstofur er ekki að finna í nágrenni við nemendur er próf tekin í nærliggjandi skólastofnunum eða á öðrum viðurkenndum stöðum.

Stúdentspróf og verslunarpróf

Tveir nemendur útskrifuðust með stúdentspróf frá VÍ í lok sumarannar 2009. Eftir haustönn 2009 útskrifuðust þrír nemendur með verslunarpróf og einn með stúdentspróf. Í maí 2010 voru tólf fjarnemendur í hópi nýstúdentna frá skólanum.

Af þessum 15 nemendum sem útskrifuðust með stúdentspróf, áttu 13 það sameiginlegt að hafa verið í dagskóla Verzlunarskólans um tíma, en hætt af ýmsum ástæðum og síðan lokið við markmiðin í fjarnámi. Einn af þessum nýstúdentum er kona fædd 1952 og lauk hún verslunarprófi frá skólanum fyrir um 40 árum síðan. Hún hóf síðan fjarnám haustið 2005 og hefur verið skráð í fjarnám á öllum haust- og vorönnum síðan. Má segja að útskrift marki viss kaflaskipti í starfseminni hjá okkur. Hinir tveir sem útskrifuðust með stúdentspróf og þeir þrír sem útskrifuðust með verslunarpróf, komu úr öðrum framhaldsskólum, en tóku meiri hluta áfanga í fjarnámi við VÍ.

Fullorðinsfræðsla

Verslunarskóli Íslands stendur fyrir margs konar fullorðinsfræðslu. Veturinn 2009-2010 var eingöngu um að ræða fjarnám fyrir sjúkraliða sem skipulögð voru í samvinnu við Framvegis, miðstöð um símenntun. Á haustönn 2009 var haldið eitt námskeið um lyfjahvarfafræði og annað um öldrunarlyfjafræði. Á vorönn voru þetta námskeið um öldrunarlyfjafræði og námskeið um fíkniefni og hjúkrun vímuefnaneytenda.

Mikill fjöldi fullorðinna nemenda er í fjarnámi hjá okkur og er sá þáttur veigamesti hluti fullorðinsfræðslu skólans.

Úttekt á fjarnámi og fjarkennslu

Á vorönn 2010 stóð Mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir úttekt á fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Verzlunarskóli Íslands var einn þeirra skóla sem úttekt á fjarkennslu beindist aðallega að. Hinir skólarnir voru Verkmenntaskólinn á Akureyri og Fjölbrautaskólinn við Ármúla. Í bréfi frá ráðuneytinu til skólstjóra VÍ kom fram að:

„Markmiðið með úttektinni er að meta hvort nám með fjarkennslusniði í íslenskum framhaldsskólum uppfylli kröfur gildandi laga, reglugerðar og aðalnámskrár og hvort í náminu séu gerðar sambærilegar kröfur og í reglubundnu námi í dagskólum framhaldsskóla. Með úttektinni skal veita upplýsingar um verklag og umgjörð fjarnáms, meta þörf fyrir fjarnám á framhaldsskólastigi með tillit til ólíkra námshópa í fjarnámi. Ennfremur skal meta kostnað, skilvirkni og

hagkvæmni fjarnáms og skoða starfsþróun kennara með tilliti til undirbúnings og þjálfunar í fjarkennslu.“

Úttektina gerður þær Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir frá Menntavísindasviði HÍ. Úttektin hófst í mars og skýrsla kom út um miðjan júní en þegar þetta er skrifað hefur hún ekki verið birt opinberlega.

Starfshópur um fjarnám

Á vorönn 2010 skipaði Mennta- og menningarmálaráðuneytið starfshóp um fjarnám í framhaldsskólum. Starfshópurinn skipuðu Guðbjörg Aðalbergsdóttir skólameistari í Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður Félags framhaldsskólakennara, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, sérfræðingur í upplýsingatækni hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sigurlaug Kristmannsdóttir fjarnámsstjóri Verzlunarskóla Íslands. Starfshópnum var ætlað að móta tillögur varðandi framtíð fjarnámsins og leggja þær fram í apríl. Vinnan gekk ekki vel vegna ósamkomulags í hópnum, en þó tókst að berja saman drög að skýrslu um miðjan júní. Má segja að allir meðlimir hópsins hafi verið óánægðir með þau drög, en þó á mismunandi forsendum. Ætlunin er að halda vinnunni áfram um miðjan ágúst en sýna þessi drög útvöldum fram að því og þess vegna eru þessi drög send með þessari skýrslu, fjarkennurum VÍ til fróðleiks.

Fyrirlestur

Í byrjun vorannar 2009 hélt fjarnámsstjóri stuttan fyrirlestur um fjarkennslu Verzlunarskólans fyrir nemendur á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 5 ár. Starfsmenn skólans hafa lagt metnað sinn í að standa eins vel að því og kostur er. Við höfum siglt seglum þöndum og stefnt að því að vaxa með hverri önninni sem hefur liðið. Á haustönn 2009 varð hins vegar ljóst að blikur væru á lofti og að við þyrfum að rifa seglin. Á þessu ári hefur verið reynt að sporna við vexti fjarnámsins og skera niður. Hvað framtíðin ber í skauti sér er ekki ljóst á þessari stundu en þó er ljóst að samstilltur hópur starfsmanna VÍ mun komast í gegnum þetta erfiða tímabil og því er full ástæða til að horfa björtum augum fram veginn.

Arnarfirði í sólmánuði 2010

Sigurlaug Kristmannsdóttir
fjarnámsstjóri VÍ

Viðauki: Áfangar sem kenndir hafa verið í fjarnámi VÍ.

Hulduáfangar og áfangar með skertri kennslu eru ekki aðgreindir frá öðrum áföngum.

H2005	V2006	S2006	H2006	V2007	S2007	H2007	V2008	S2008	H2008	V2009	S2009	H2009	V2010	S2010
				ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	
	ALP104	ALP104	ALP104											
	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	
				ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	
BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK113	BÓK113	BÓK113
	BÓK201	BÓK201	BÓK201	BÓK201		BÓK201	BÓK201		BÓK201	BÓK201	BÓK201	BÓK201	BÓK201	
	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK213	BÓK213	BÓK213
							BÓK313	BÓK313	BÓK313	BÓK313	BÓK313		BÓK313	BÓK313
DAN102	DAN102		DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102
DAN103	DAN103		DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	
	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202
	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	
DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212
			DAN303	DAN303		DAN303	DAN303	DAN303	DAN303	DAN303		DAN303	DAN303	
							DAN403	DAN403	DAN403	DAN403				
	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103	EDL103
	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113	EDL113		
	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203	EDL203
	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303	EDL303
		EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	EDL403	
	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103
							EFN203	EFN203	EFN203	EFN203	EFN203	EFN203	EFN203	EFN203
							EFN303	EFN303	EFN303	EFN303	EFN303	EFN303	EFN303	EFN303
							EFN313	EFN313	EFN313	EFN313	EFN313	EFN313	EFN313	EFN313
	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	
ENS103	ENS103		ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	
		ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202
	ENS203		ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	
	ENS212		ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212
	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303
	ENS373		ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	
				ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403
			ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	
						ENS433	ENS433	ENS433	ENS433	ENS433	ENS433	ENS433	ENS433	
						ENS503	ENS503	ENS503	ENS503	ENS503	ENS503	ENS503	ENS503	ENS503
								ENS603	ENS603	ENS603	ENS603	ENS603	ENS603	ENS603
							ENS613							
	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	
	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203
	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303
					FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313
									FJÁ102	FJÁ102	FJÁ102	FJÁ102	FJÁ102	FJÁ102
			FJÁ103		FJÁ103	FJÁ103	FJÁ103							FJÁ103
											FJÁ202	FJÁ202	FJÁ202	FJÁ202

